

Mánudaginn 9. mars 1987.

Nr. 240/1986. **Kristján J. Jónsson**
gegn
Tryggva Agnarssyni

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málsókn þessi fellur niður.

Áfrýjandi, Kristján J. Jónsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði 800,00 króna útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju. Áfrýjandi greiði stefnda 5.000,00 krónur í ómaksbætur.

Þriðjudaginn 10. mars 1987.

Nr. 273/1986. **Ákærvaldið**
(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)
gegn
Einari Sverrissyni
(Eiríkur Tómasson hrl.)

Brot gegn 257. gr. alm. hegningarlaga. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Skaftason og Guðrún Erlendsdóttir.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar 1. október 1986 að ósk ákærða. Ákærvald áfrýjaði málinu jafnframt til staðfestingar á sakfellingu ákærða og til ákvörðunar á refsingu.

Er málið var flutt munnlega fyrir Hæstarétti krafðist skipaður verjandi ákærða þess aðallega að hinn áfrýjaði dómur yrði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til dómsálagningar að nýju. Til vara krafðist hann að ákærði yrði sýknaður af kröfum ákæruvalds.

Ómerkingarkrafan er í fyrsta lagi reist á því að rannsókn málsins hafi ekki verið svo rækileg að á það hafi mátt leggja efnisdóm. Ekki verður þó á þetta fallist, og verður héraðsdómurinn ekki ómerktur af þessari ástæðu. Er í því sambandi þess að geta, að er skrifleg vörn var lögð fram af hálfu ákærða í sakadómi 17. apríl 1986 var málinu frestað og aftur 14. maí 1986, að því er virðist til að framhaldsrannsókn gæti farið fram. Hinn 23. maí 1986 var því þó lýst yfir af hans hálfu að hann mundi ekki leggja fram frekari gögn í málinu. Það var síðan dómtekið en endurupptekið 19. júní 1986 og skýrsla tekin af ákærða og einu vitni en að því búnu var málið dómtekið að nýju og hinn áfrýjaði dómur kveðinn upp 1. júlí 1986.

Þá eru af ákærða hálfu færð fram þau rök fyrir ómerkingarkröfunni að héraðsdómarinn, sem dæmdi hinn áfrýjaða dóm, hafi ekki mátt skipa dómarasæti í málinu. Er um þetta skírskotað til þess að héraðsdómarinn gegni eigi aðeins héraðsdómarastarfi í umdæmi sínu heldur sé hann jafnframt lögreglustjóri í því umdæmi. Brjótí sú skipan gegn 2. grein og 61. grein stjórnarskrár lýðveldisins, nr. 33 frá 1944, svo og 6. grein Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11 frá 9. febrúar 1954, og eigi að valda ómerkingu hins áfrýjaða dóms.

Ákvæði 2. greinar stjórnarskrár lýðveldisins og sambærileg ákvæði 2. greinar stjórnarskrár konungsríkisins Íslands, nr. 9 frá 18. maí 1920, og 1. greinar stjórnarskrár um hin sérstaklegu málefni Íslands frá 5. janúar 1874, hafa ekki verið talin standa í vegi þeirri skipan, sem lög mæla fyrir um, að sýslumenn og bæjarfógetar, sem hafa á hendi lögreglustjórn, fari jafnframt með dómsvald í héraði þó að undantekningar séu frá því gerðar, sbr. 29. gr. laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, og 4. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála, sbr. ennfremur lög nr. 74/1972 en áður lög nr. 65/1943 og lög nr. 98/1961. Er og beinlínis ráð fyrir því gert í 61. grein stjórnarskrárinnar frá 1944, sbr. áður 57. grein stjórnarskrárinnar frá 1920 og 44. grein stjórnarskrárinnar frá 1874, að dómendur geti haft umboðsstörf á hendi. Ávæðum 6. greinar

Evrópusamnings um verndun mannréttinda og mannfrelsis, sbr. auglýsingu nr. 11 frá 9. febrúar 1954 hefur ekki verið veitt lagagildi hér á landi. Breyta þau ekki þeirri lögbundnu skipan sem að framan var greind. Þar sem hinn áfrýjaði dómur var samkvæmt þessu kveðinn upp af héraðsdómara, sem til þess var bær að íslenskum lögum, verður hann ekki ómerktur af þeirri ástæðu sem hér er um fjallað þótt í málinu hafi verið lagðar fram skýrslur sem lögreglumaður í umdæmi héraðsdómara hafði tekið.

Með játningu ákærða, sem styðst við önnur gögn málsins, er sannað að hann tók upp girðingu þá sem um ræðir í málinu. Girðing þessi var gerð 1954. Lagði Hvammshreppur til efni til hennar en bændur vinnu. Taldist hún eign Mýrdalshrepps eftir sameiningu Hvammshrepps og Dyrhólshrepps. Eigendur þriggja af fimm svonefndum „Dalajörðum“ heimiluðu fyrir sitt leyti hinn 11. mars 1984 að girðing þessi fengi að standa á óskiptu landi jarðanna þótt hún væri ekki landamerkjagirðing. Samkomulag það sem ákærði gerði við hreppsnefnd Mýrdalshrepps hinn 12. júlí 1984, og getið er í hinum áfrýjaða dómi, réttlæti ekki að ákærði tæki girðinguna upp svo sem hann gerði hinn 14. og 15. júlí 1985. Varðar verknaður hans við þau refsíákvæði, sem í hinum áfrýjaða dómi greinir, en fallast ber á þá úrlausn héraðsdómara að dæma megi ákærða áfall fyrir þann verknað þótt ártal sé ekki rétt greint í ákæruskjali, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Rétt þykir að staðfesta þá niðurstöðu héraðsdóms að fresta skuli ákvörðun um refsingu ákærða og að refsing verði ekki dæmd ef hann heldur almennt skilorð 57. greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa. Þá verður ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað einnig staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, 15.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun um refsingu ákærða, Einars Sverrissonar, er frestað og verður refsing ekki dæmd ef ákærði heldur almennt skilorð almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955, í tvö ár frá uppkvaðningu dóms þessa að telja.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 15.000,00 krónur, og laun skipaðs verjanda síns, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmans, 15.000,00 krónur.

S é r a t k v æ ð i

Guðmundar Skaftasonar hæstaréttardómara.

Ég er sammála atkvæði meirihluta dómara um að krafa um ómerkingu hins áfrýjaða dóms verði ekki tekin til greina.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi krafðist ákærði þess í bréfi til hreppsnefndar Hvammshrepps 23. september 1983, að „hreppagirðingin“ yrði tekin niður og fjarlægð fyrir 15. janúar 1984. Hinn 12. júlí s.á. gera ákærði og sveitarstjóri Mýrdalshrepps vegna hreppsnefndarinnar samkomulag um að girðingin fengi að standa í eitt ár frá dagsetningu samkomulagsins. Af gögnum málsins verður eigi annað séð en samkomulag þetta hafi skuldbundið hreppsnefndina gagnvart ákærða til að fjarlægja girðinguna á hinum umsamda fresti. Ekki er leitt í ljós að ákærði hafi unnið aðrar skemmdir á efni girðingarinnar en við mátti búast að af því hlytist að taka hana niður.

Samkvæmt framanrituðu tel ég að ákærði verði ekki sakfelldur eftir því refsíákvæði er í ákæru greinir. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum ákæruvalds og leggja kostnað sakarinnar í héraði og fyrir Hæstarétti á ríkissjóð, þ.m.t. málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans í héraði, Gauks Jörundssonar prófessors, 10.000,00 krónur og skipaðs verjanda hans fyrir Hæstarétti, Eiríks Tómassonar hæstaréttarlögmans, 15.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Vestur-Skaftafellssýslu 1. júlí 1986.

Ár 1986, þriðjudaginn 1. júlí, var í sakadómi Vestur-Skaftafellssýslu kveðinn upp af Einari Oddssyni sýslumanni dómur í málinu nr. 89/1985: Ákæruvaldið gegn Einari Sverrissyni.

Mál þetta er höfðað með ákæru, dags. 21. febrúar 1986, gegn Einari Sverrissyni bónda, Kaldrananesi Mýrdalshreppi, Vestur-Skaftafellssýslu, fæddum þar 1. apríl 1914, fyrir eignaspjöll með því að hafa dagana 14.

og 15. júlí 1984, rífið niður og fjarlæggt, svonefnda „hreppagirðingu“, sem var eign og í umráðum Mýrdalshrepps. Girðingin var um 2000 metrar að lengd og stóð í óskiptu landi jarðanna, Breiðahlíðar, Fjósa, Kaldrananness, Neðra-Dals og Stóra-Dals, þ. á m. að hluta í óskiptu heimalandi jarðanna, Breiðuhlíðar, Fjósa og Stóra-Dals.

Brot ákærða telst varða við 1. sbr. 4. mgr. 257. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu skaðabóta og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði hefur krafist sýknu af refsikröfu málsins og að kostnaður málsins verði greiddur úr ríkissjóði. Þá krefst ákærði aðallega frávísunar á skaðabóta-kröfunni, en sýknu til vara.

Málsatvik og aðdragandi.

Árið 1954 var hreppagirðingin, sem mál þetta er risið út af, reist til þess að varna ágangi búfjár úr Dyrhólahreppi í Hvammshrepp. Girðingin var reist af Hvammshreppi, sem lagði til efnið, og bændur í þeim hreppi lögðu til vinnuna í girðinguna. Síðar voru Dyrhólahreppur og Hvammshreppur sameinaðir í einn hrepp sem nefnist Mýrdalshreppur.

Dyrhólahreppur var næsti hreppur vestan Hvammshrepps. Girðingin var reist í landi jarðanna Kaldrananness, Stóra-Dals, Breiðuhlíðar, Fjósa og Neðra-Dals í Hvammshreppi.

Því er haldið fram af forráðamönnum Mýrdalshrepps að girðingin hafi verið reist með leyfi ábúenda allra þeirra jarða, sem áttu landið sem girðingin stóð á, nema Breiðuhlíðar sem þá var farin í eyði.

Dalajarðir eiga nokkurt land vestan girðingarinnar. Er fram liðu stundir urðu sumir eigendanna, sérstaklega ákærði í máli þessu, óánægðir með að fá ekki að nytja það land.

Þann 11. mars 1984 samþykktu eigendur jarðanna Fjósa, Stóra-Dals og Breiðuhlíðar, að hreppagirðingin fái að standa áfram í óskiptu landi jarða þeirra, þeim að kostnaðarlausu, enda sé hún á engan hátt landamerkjagirðing.

Eins og að framan greinir, var ákærði óánægður með hreppagirðinguna.

Þann 23. september 1983 krefst ákærði þess í bréfi til hreppsnefndar Hvammshrepps að hreppagirðingin verði tekin upp og fjarlægð fyrir 15. janúar 1984.

Þann 12. júlí 1984 gera sveitarstjóri Mýrdalshrepps og ákærði samkomulag um að girðingin fái að standa í eitt ár frá dagsetningu samkomulags.

Þetta ár leið, en að liðnum samningstímanum kveðst ákærði hafa tekið girðinguna upp dagana 14. og 15. júlí 1985.

Þetta kveðst hann hafa gert til að endurheimta land Dalajarða og að girðingunni yrði komið í rétt mörk.

Ákærði hefur lýst því yfir að hann hafi ekki ætlað að vinna nein spjöll á eignum annarra. Hann kveðst hafa gengið frá staurunum í smáhrúgum og rúllað upp vírnetinu eins vel og hægt hafi verið og gengið frá því svo að það trosnaði ekki upp.

Ákærði kveðst svo hafa hringt í sveitarstjóra Mýrdalshrepps að morgni 16. júní 1985 og tilkynnt honum að hann væri búinn að taka upp girðinguna.

Hreppsnefnd Mýrdalshrepps endurreisti girðinguna nokkru eftir að hún var tekin upp og eru kostnaðarnótturnar á dskj. nr. IV, vegna þess verks. Ákærði mótmælti því að girðingin yrði endurreist.

Af hálfu ákærða er því haldið fram að hreppagirðingin hafi ekki átt sér stoð í girðingarlögum nr. 10/1965 og hafi beinlínis verið hafnað sem samgirðingu. Ákærði hafi krafist þess með hæfilegum fyrirvara að girðingin yrði fjarlægð og að hreppsnefnd Mýrdalshrepps hafi fallist á það. Því er einnig mótmælt að ákærði hafi unnið spjöll á efnislegum verðmætum eða eign manna. Miðað við samkomulagið á dskj. nr. 10 og annan aðdraganda málsins hafi verknaður hans verið eðlilegur.

Af hálfu ákærða er krafist sýknu af refsikröfunni og að málskostnaður verði greiddur úr ríkissjóði. Þá er og krafist frávisunar á skaðabótakröfunni en sýknu til vara.

Eyjólfur Sigurjónsson hreppsnefndarmaður í Eystri-Pétursey hefur skýrt frá því fyrir dómi að við sameiningu Hvammshrepps og Dyrhólahrepps hafi verið lögð mikil áhersla á það, að hreppagirðingin yrði áfram. Það voru menn úr báðum hreppum sem það vildu, þó einkum úr Hvammshreppi. Þá var samþykkt í hreppsnefndum beggja hreppanna að girðingin fengi að standa áfram óhreyfð. Hann sagði að það væru 2 fjallskiladeildir í Mýrdalshreppi og skilji hreppagirðingin á milli þeirra og sé til mikils hagræðis í smölunum.

Niðurstaða.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna og hefur ekki sætt refsingu né ákæru áður svo vitað sé. Hann hefur viðurkennt að hafa rifið upp hreppagirðinguna, sem telja verður að hafi verið eign Hvammshrepps. Hreppagirðingin var reist til varnar ágangi búfjár og var til mikils hagræðis í smölunum.

Ákærði heldur því fram að girðingin hafi ekki verið í réttum mörkum. Ekkert hefur komið fram í málinu sem bendir til að svo hafi verið. Það gat hinsvegar ekki réttlætt atferli ákærða. Ekki verður hér greint á milli girðingarinnar sjálftrar og þess tilgangs sem hún þjónaði.

Verður því að telja að með þeim verknaði sínum að rífa niður hreppagirðinguna hafi ákærði gerst sekur við 1. sbr. 4. mgr. 257. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940.

Ákærði framdi brotið ári síðar en í ákæru greinir, en það hefur ekki áhrif á úrslit málsins sbr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Ekki hafa verið leidd rök að því að tjón Mýrdalshrepps nemi skaðabóta-kröfunni í málinu, né heldur að rétt hafi verið að reisa girðinguna aftur á sama stað án frekara samkomulags eða heimildar, en Mýrdalshreppur hafði. (sic)

Verður því að vísa skaðabótakröfunni frá sem órökstuddri.

Rétt þykir að fresta skuli ákvörðun refsingar í 2 ár samkvæmt 57. gr. almennra hegningalaga nr. 19/1940.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakakostnaðar, þ. á m. málsvarnarlauna kr. 10.000,00 til skipaðs verjanda síns, dr. juris Gauks Jörundssonar.

D ó m s o r ð:

Ákvörðun refsingar í máli þessu er frestað í 2 ár frá 1. júlí 1986.

Frestun ákvörðunar refsingar í máli þessu er bundin því skilyrði að ákærði Einar Sverrisson, Kaldrananesi, gerist ekki sekur um nýtt brot á skilorðstímanum.

Skaðabótakröfunni í málinu er vísað frá dómi.

Ákærði Einar Sverrisson greiði allan kostnað málsins, þ. á m. málsvarnarlaun kr. 10.000,00 til skipaðs verjanda síns, dr. juris Gauks Jörundssonar.

Miðvikudaginn 11. mars 1987.

Nr. 23/1986.

Fálkinn h/f

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

fjármálaráðherra vegna ríkissjóðs

(Sigurmar K. Albertsson hdl.)

Skyldusparnaður. Verðbætur. Vextir. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Thoroddsen, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Guðrún Erlends-